

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjanesvegur, Dalshrauns nr. 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. janúar 2007 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjanesvegur, Dalshrauns nr. 3 í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að nýr byggingarreitur er afmarkaður á lóð númer 3 við Dalshraun, en lóðirnar Dalshraun 3 og 3B hafa verið sameinaðar. Núverandi byggingar eru fjarlægðar og á nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á lóðinni rísi 5 hæða bygging þar sem efsta hæðin er inndregin og bílakjallari verði að hluta neðanjarðar. Farið var með breytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, Drekvallir 28 og 30.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 14. febrúar 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, Drekvallir 28 og 30 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað 2ja hæða fjórþýlishúss merkt F8 verður heimilt að byggja 2ja hæða fjórþýlishús með innbyggðum bílgeymslum og 14° þakhalla.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. mars 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007